

Theódóra Sigurðardóttir

Frá: Bjarni Brynjólfsson
Sent: 1. apríl 2016 14:17
Til: Theódóra Sigurðardóttir
Afrit: Jón Halldór Jónasson
Efni: SV: Kynningaráætlun fyrir BR

Sæl. Verið er að vinna að því að ráða ráðgjafa/auglýsingastofu sem mun koma að kynningaráætlun ásamt upplýsinga- og vefdeild með aðkomu innkaupadeildar. Það mun skýrast fljótlega hver sú aðkoma ráðgjafans verður í verkefninu. Verkefnisstjóri yfir kynningu borgarinnar að þessu sinni verður Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi. Kynning á hugmyndasöfnun í hverfum borgarinnar mun hefjast um hálfum mánuði áður en opnað verður fyrir hana á vef Betri Reykjavíkur og standa yfir allan mánuðinn sem söfnunin verður í gangi. Þá mun kynning á verkefninu verða unnin í nánu samráði við fulltrúa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og verður leitast við að ná til foreldra, íbúasamtaka, ungs fólks og minnihlutahópa, ss. innflytjenda.

Með bestu kveðjum

Bjarni Brynjólfsson

Upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Sími: 411 4503
Farsími: 893 3389

Tínum upp rusl á víðavangi – það er gott fyrir bakið að beygja sig.

From: Theódóra Sigurðardóttir
Sent: 30. mars 2016 10:06
To: Bjarni Brynjólfsson
Subject: Kynningaráætlun fyrir BR

Hæ hæ,

Þú ert meðvitaður um þetta ekki satt?

Lagt er til að stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykki eftirfarandi tillögur á breytingum á verkefni Betri Reykjavík og Betri hverfi:

1. Hugmyndir á Betri Reykjavík sem eru eldri en eins árs verði gerðar óvirkar og fær á svæði þar sem eingöngu er hægt er að skoða þær. Þetta verði eftirleiðis gert þe hugmyndir verða árgamlar. Notendum verði frjálst að senda hugmynd inn að n og athuga hvort hún fái brautargengi þá.
2. Lágmarksatkvæðafjöldi sem hugmynd þarf að hafa hlotið í Betri Reykjavík til að v send fagráði til afgreiðslu verði 25 hrein meðatkvæði (meðatkvæði að frádregn mótatkvæðum).
3. Ekki verði vísað til hverfakosningar sem „Betri hverfi“ heldur sem hluta verkefnis Betri Reykjavík.
4. Lögð verði áhersla á að efla kynningu á hverfakosningu 2016 ekki síst gagnv hópum sem síður hafa tekið þátt í hverfakosningum fram til þessa. Upplýsingast vinni kynningaráætlun vegna verkefnisins fyrir 1. apríl 2016 í samræmi ábendingar sem fram koma í úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.
5. Endurskoðaðar skilgreiningar á því hvað megi kjósa um í hverfakosningu 2016 s lagðar fram á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 4. apríl 2016.
6. Hjálögð tímaáætlun vegna hverfakosningar 2016 verði samþykkt.

4. liður – er sem sagt verkefni sem er á þinni könnu. Verðfyrirspurn verður send á auglýsingastofur í dag eða á morgun og gott væri ef gert væri ráð fyrir þeirra vinnu í kynningaráætlun.

Kveðja, Theódóra

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.